

# Rússneskir snillingar

.....  
FIMMTUDAGUR 15. SEPTEMBER 2011



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

---

Konsert Tsjajkovskijs tekur um 45 mínútur í flutningi,  
en Sinfónísku dansarnir eru ríflega 30 mínútur að lengd.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1.  
Þeir verða síðan aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is)

BAKHJARLAR

---

BORGUN



GAMMA

# RÚSSNESKIR SNILLINGAR

---

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 15. SEPTEMBER 2011 KL. 19.30

---

**Gennadij Rosdestvenskij**, hljómsveitarstjóri

**Viktoría Postnikova**, einleikari

---

**Pjotr Tsjajkovskíj**

*Píanókonsert nr. 2 í G-dúr, op. 44 (1880)*

*Allegro brillante e molto vivace*

*Andante non troppo*

*Allegro con fuoco*

**Hlé**

**Sergei Rakhmaninoff**

*Sinfónískir dansar, op. 45 (1940)*

*Non allegro*

*Andante con moto (Tempo di valse)*

*Lento assai – Allegro vivace*

## Gennadíj Rosdestvenskíj

*hljómssveitarstjóri*



Gennadíj Rosdestvenskíj er einn af virtustu hljómssveitarstjórum samtímans. Hann fæddist í Moskvu 1931 og nam píanóleik hjá Lev Oborin, sem einnig var kennari Ashkenazys, og hljómssveitarstjórn hjá föður sínum, Nikolaj Anosov, við Tónlistarháskólann í Moskvu. Hann var ráðinn til Bolshoi-ballettsins aðeins tvítugur að aldri og þannig hófst langt og farsælt starf hans í því sögufræga húsi; hann var aðalstjórnandi þeirra frá 1964–70 og aftur árið 2000. Þar hefur hann stjórnað yfir 30 óperum og ballettum, stýrði heimsfrumflutningi á ballettinum *Spartacus* eftir Katsjatúrían og frumflutti í Sovétríkjunum óperu Britten, *Draumur á Jónsmessunótt*.

Rosdestvenskíj var um árabil stjórnandi Útvarpshljómssveitarinnar í Moskvu og var fyrsti sovéski stjórnandinn sem fékk leyfi stjórnvalda til að gegna föstum stöðum erlendis; hann var m.a. aðalstjórnandi BBC-sinfóníuhljómssveitarinnar í Lundúnum, Sinfóníuhljómssveitarinnar í Vínarborg og Konunglegu Fílharmóníunni í Stokkhólmi. Hann hefur hljóðritað yfir 700 verk, meðal annars allar sinfóníur Sjostakovitsj og Prokofíevs auk fjölda verka eftir Schnittke, Denisov og Gubaidulinu, en öll þessi tónskáld voru nánir vinir hans og mörg þeirra tileinkuðu honum verk sín.

Rosdestvenskíj hefur hlotið fjölda viðurkenninga á löngum ferli, m.a. heiðursorður frá forseta Frakklands og Japanskeisara, auk þess sem hann er meðlimur Stokkhólmsakademiunnar og Bresku akademiunnar. Hann hefur verið prófessor í hljómssveitarstjórn í Moskvu í yfir 30 ár og heldur fjölda námskeiða á ári hverju. Hann stjórnaði Sinfóníuhljómssveit Íslands fyrst á Listahátíð í Reykjavík 2009 og tók í kjölfarið við stöðu aðalgestastjórnanda hljómssveitarinnar.

**Viktoría Postnikova**  
*einleikari*



Viktoría Postnikova er fædd inn í mikla tónlistarfjölskyldu í Moskvu. Hún tók að leika á píanó af sjálfsdáðum þriggja ára gömul, lög sem hún hafði heyrt nemendur móður sinnar spila í tímum hjá henni. Hún kom í fyrsta sinn fram með hljómsveit sjö ára gömul og lærði um árabíl hjá Jacob Flier við Tónlistarháskólann í Moskvu. Hún hefur um áratuga skeið verið einn virtasti píanisti Rússlands og vann til verðlauna í fjölda alþjóðlegra keppna, m.a. í Chopin-keppninni í Varsjá, Leeds-keppninni í Englandi og Tsjajkovskíj-keppninni í Moskvu.

Postnikova hefur komið fram með öllum helstu hljómsveitum heims, m.a. Berlínarfílharmóníunni, Concertgebouw í Amsterdam, Fílharmóníuhljómsveitinni í New York og Sinfóníuhljómsveitunum í Boston og Cleveland. Hún kemur oftast fram ásamt eiginmanni sínum, Rosdestvenskíj, en hefur einnig starfað með m.a. Sir Simon Rattle, Kurt Masur, og Sir Colin Davis. Hún hefur hljóðritað öll verk Tsjajkovskíjs fyrir einleikspíanó og alla píanókonserta hans að auki, öll einleiksverk Músorgskíjs fyrir píanó og alla píanókonserta Prokofíevs.

Postnikova hefur leikið 72 ólíka píanókonserta á tónleikum og eru líklega fáir núlifandi píanistar sem hafa jafn marga á efnisskrá sinni. Þá kemur hún oft fram á kammertónleikum, m.a. með Alexander syni sínum, sem lék einleik með SÍ fyrr á þessu ári. Hún átti einnig farsælt samstarf við fiðluleikarann Yehudi Menuhin og sópransöngkonuna Juliu Varady.



## **Pjotr Tsjajkovskij**

### *Píanókonsert nr. 2*

Sum tónverk ná slíkum feiknavinsældum að þau varpa skugga á öll önnur afrek höfundarins í sama geira. Max Bruch samdi þrjá fiðlukonserta en aðeins sá fyrsti hljómar reglulega í tónleikasölum heimsins; Carl Orff samdi þrjú kórverk við fornan latínukveðskap en aðeins það fyrsta, *Carmina Burana*, hefur náð hylli. Það sama er uppi á teningnum með Pjotr Tsjajkovskij (1840–93). Fyrsti píanókonsert hans er einn sá dáðasti sem saminn hefur verið og fáir tónlistarunnendur gera sér yfirleitt grein fyrir því að hann hafi samið fleiri en einn.

Forsaga konsertsins nr. 2 tengist raunar þeim fyrri. Tsjajkovskij samdi nr. 1 handa rússneska píanóvirtúósanum Nikolai Rubinstein, en honum þótti verkið óspilandi og jós skömmunum yfir tónskáldið. Síðar sá hann eftir öllu saman, lék konsertinn víða um lönd og átti stóran þátt í að hann náði vinsældum. Tsjajkovskij kunni auðvitað vel að meta viðsnúninginn og samdi nýja verkið sem þakklætisvott til Rubinsteins á árunum 1879–80.

Tsjajkovskij óttaðist að sagan endurtæki sig og að Rubinstein tæki nýja konsertinum jafn fálega og þeim eldri. Hann skrifaði velgjörðarkonu sinni, Nadezhdu von Meck: „Ég skelf af ótta við gagnrýnina sem ég gæti fengið frá Nikolai Grigorievitsj. Þó skipta aðfinnslur hans litlu máli ef hann leikur verkið jafn stórkostlega og fyrsta konsertinn. Ég er sjálfur afar hreykinn af þessu nýja verki, en hvað framtíðin ber í skauti sér get ég ekki sagt fyrir um.“ Rubinstein var hæstánægður með útkomuna, en lést skömmu síðar og náði því aldrei að flytja verkið. Frumflutningurinn fór fram í New York árið 1881, en ári síðar hljómaði verkið í Moskvu með tónskáldið Sergei Taneyev við flygilinn.

Eina meiriháttar aðfinnsla píanista fyrstu árin var að konsertinn væri of langur, og vissulega er hann um 10–15 mínútum lengri en almennt gengur og gerist. Tsjajkovskij stytta verkið lítið eitt árið 1887, en ári síðar vildi útgefandinn Jurgenson endurprenta nóturnar með enn meiri styttingum og fékk píanistann Alexander

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

*Píanókoncert nr. 2 eftir Tsjajkovskíj hefur þrisvar sinnum áður hljómað á tónleikum á Íslandi, fyrst árið 1976 í flutningi Halldórs Haraldssonar. Síðan hafa flutt verkið þeir Pascal Devoyon (1993) og Dmitri Alexeév (2001).*

Siloti (sem var frændi Rakhmaninoffs) til að skera það miskunnarlaust niður. Tónskáldið var síður en svo ánægt með útkomuna og fór hörðum orðum um vinnubrögð Silotis, en skaðinn var skeður. Allt fram á síðustu áratugi 20. aldar var konsertinn leikinn í mjög styttri mynd sem átti fátt skylt við upphaflegar hugmyndir höfundarins. Á þessum tónleikum leikur Viktoria Postnikova upprunalegu gerðina.

Fyrsti þáttur hefst sem eins konar mars, en fljótlega taka við stef sem bera tregafyllri blæ; á köflum minnir tónlistin á angistarfullar árur Tatjönu í óperu Tsjajkovskíjs, *Évgéníj Onégin*. Sólistinn fær ekki eina stóra kadensu eins og venjan er, heldur tvær og báðar feiknaerfiðar; hvað píanótækni og úthald snertir gerir þessi konsert mun meiri kröfur en sá fyrsti. Tónskáldið sagði síðar að sér þætti píanó og hljómsveit hljóma best hvort í sínu lagi en ekki saman, og í þessu verki heldur hann þeim aðskildum eins og kostur er.

Annar þáttur kemur heldur en ekki á óvart: að loknum tengikafla með óræðum strengjahljómum tekur við fagurt stef leikið á einleiksfiðlu. Píanósólistinn situr þögull hjá og fylgist með konsertmeistararum flytja syngjandi sóló sem hefst eins og hugleiðing um *Ave Mariu* eftir Charles Gounod (sem byggir á C-dúr prelúdíu Bachs og hafði komið út á prenti 1873; enginn vafi leikur á því að Tsjajkovskíj hefur heyrt útgáfu Gounods áður en hann samdi konsertinn). Þegar fiðlarinn hefur lokið leik sínum tekur sellistinn við og um stund virðast allir hafa gleymt því að hér sé um píanókoncert að ræða. Loks bætist píanistinn þó í hópinn og ægifagur samleikur tríósins gefur verkinu nýja og óvænta vídd; þótt enn sé deilt um ágæti þess að gera „tríókoncert“ úr miðkaflanum eru flestir þó sammála um að sjaldan hafi Tsjajkovskíj samið fegurri tónlist en einmitt hér. Lokarátturinn er fjörugur sveitadans, og nú bætir höfundur einleikaranum upp þögnina í öðrum kafla með ógrynni virtúósatilþrifa allt til síðasta takts.

## Sergei Rakhmaninoff

### *Sinfónískir dansar*



Sergei Rakhmaninoff (1873–1943) var einn fremsti píanóleikari 20. aldar auk þess að vera tónskáld. Leikur hans sameinaði alla helstu kosti rússneska skólans: mýkt, kraft, snerpu, og óvenju safaríkan tón. Auk þess hafði Rakhmaninoff gríðarstórar krumlur sem gerðu honum kleift að leika næstum hvað sem var, og þá ekki síst sína eigin píanómúsík sem var sérsniðin að fingrum hans. En þótt tónverk Rakhmaninoffs nytu vinsælda var aldrei á vísan að róa; tónsmíðastíll hans var álitinn gamaldags, afturhvarf til liðinnar aldar, og eftir því sem árin liðu kaus hann að einbeita sér í æ frekari mæli að ferli sínum sem píanisti.

Um miðjan fjórða áratuginn hafði Rakhmaninoff verið búsettur í Bandaríkjunum um árabíl og hafði svo að segja lagt tónsmíðarnar á hilluna. Nýjustu verk hans – fjórði píanókonsertinn og *Tilbrigði um stef eftir Corelli* – höfðu hlotið dræmar viðtökur áheyranda. *Rapsódía um stef eftir Paganini* var reyndar smellur allt frá fyrstu stundu og er enn eitt af vinsælustu verkum hans, en tveimur árum síðar kom þriðja sinfónían og var henni fálega tekið. Aftur hafði Rakhmaninoff ástæðu til að efast um að hann væri á réttri braut sem tónskáld.

Frá 1937 til 1939 samdi hann ekki eitt einasta verk, en sumarið 1940 dró til tíðinda. Þau hjónin höfðu tekið á leigu hús á Long Island nálægt New York-borg; meðal nággranna voru Vladimir Horowitz og Wanda eiginkona hans, dóttir Toscaninis. Í ágústlok hafði Rakhmaninoff lokið við nýtt hljómsveitarverk fyrir Fíladelfíu-hljómsveitina, sem þá þótti ein fremsta hljómsveit Bandaríkjanna og jafnvel heimsins alls, og aðalstjórnanda hennar, Eugene Ormandy. Með þessari sveit hafði Rakhmaninoff leikið margoft, hann hljóðritaði alla píanókonsertra sína með henni og þetta var jafnframt eina hljómsveitin sem hann stjórnaði sjálfur á upptökum.

*Sinfónískir dansar* voru síðasta tónsmíðin sem Rakhmaninoff lauk við. Hann veiktist af krabbameini skömmu síðar en hélt áfram tónleikahaldi á meðan kraftar leyfðu; haustið 1942 aflýsti hann tónleikaferð um Bandaríkin og örfáum vikum síðar var hann



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

*Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur aðeins einu sinni áður leikið Sinfóníska dansa Rakhmaninoffs, í Háskólabíói vorið 1997 undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar.*

allur. Dansarnir eru íhaldssamir hvað stíllinn snertir, og þótt þeim væri misjafnlega tekið í upphafi leikur enginn vafi á því að þeir eru meðal þess besta sem Rakhmaninoff samdi fyrir hljómsveit um ævina. Hljómsveitarútsetningin er bæði meistaraleg og á köflum óvenjuleg – hann notar meðal annars alt-saxófón sem gefur fyrsta þættinum melankólskan blæ. Eins og fleiri píanistatónskáld fékk Rakhmaninoff holl ráð frá fiðluleikara varðandi praktíska hluti og fullvissaði sig um að það sem hann hefði samið væri yfirleitt framkvæmanlegt á strengjahljóðfæri. Í þessu tilfelli var það enginn annar en Fritz Kreisler sem var vini sínum innan handar og lagði nýja verkinu til bogastrok.

Fyrsti þáttur ber óvenjulega yfirskrift – Non allegro – en þá ber að hafa í huga að „Allegro“ getur þýtt bæði „hratt“ og „gláðlega“; líklega á tónskáldið ekki síður við síðari skilgreininguna. Tónlistin er með marsa-ívafi, stundum hádramatísk en með hægum miðkafla þar sem bregður fyrir ljóðrænni stefjum. Annar þáttur er vals með fremur dökku yfirbragði, en í þriðja þætti, sem er hraður og glæsilegur, bregður fyrir einu af eftirlætisstefjum höfundarins. *Dies Irae* – „Dagur reiði, dagur bræði“ – er hluti af sálumessu kaþólskra þar sem brugðið er upp nóturlegri mynd af hinsta degi. Þetta forna stef hafði Rakhmaninoff notað víða í verkum sínum, m.a. í *Rapsódíu um stef eftir Paganini* og sínfóníunni nr. 2, og hér skapar hann úr því djöfullegan og kraftmikinn dans.

Hugsanlega hefur Rakhmaninoff grunað að *Sinfónísku dansarnir* yrðu svanasöngur sinn, síðasti ópusinn á glæstum en stopulum ferli hjáverkatónskálds. Á eina af lokasíðum verksins ritaði hann í handrit sitt orðið „Alliluya“. Hér vísar tónlistin í *Náttisöngva*, áhrifamikil trúarlegt kórverk sem hann hafði samið næstum þremur áratugum fyrr. Það er táknrænt fyrir hinn aldna Rakhmaninoff að hann skuli í síðustu tónsmíð sinni kveðja með þakkargjörð, með því að breyta dómsdagssöngnum í upprisusálm úr eigin höfundarverki.

## ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

## HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

Hljómsveit á tónleikum 15. október 2011

### 1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Andrzej Kleina  
Zbigniew Dubik  
Lin Wei  
Martin Frewer  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Rósa Guðmundsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Laufey Sigurðardóttir

### 2. FIDLA

Greta Guðnadóttir  
Roland Hartwell  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Kristján Matthiasson  
Mark Reedman  
Greta Salome Stefánsdóttir  
Þórdís Stross  
Christian Diethard  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Kristín Björg Ragnarsdóttir  
Joanna Bauer

### VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir  
Sarah Buckley  
Þórarinn Már Baldursson  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Eyjólfur Alfreðsson  
Kathryn Harrison  
Guðrún Hrunn Harðardóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Sesselja Halldórsdóttir

### SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir  
Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Auður Ingvadóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Bryndís Björgvinsdóttir

### BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

### FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

### ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins  
Matthías Nardeau

### KLARINETT

Einar Jóhannesson  
Sigurður I. Snorrason  
Rúnar Óskarsson  
Saxófónn  
Sigurður Flosason

### FAGOTT

Rúnar Vilbergsson  
Hafsteinn Guðmundsson  
Brjánn Ingason

### HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jóelsson  
Lilja Valdimarsdóttir

### TROMPET

Ásgeir Steingrímsson  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

### BÁSÚNA

Oddur Björnsson  
Sigurður Þorbergsson  
David Bobroff, bassabásúna

### TÚBA

Austin Howle

### HARPA

Katie Buckley

### PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

### ÞÁKUR

Eggert Pálsson

### SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Pétur Grétarsson  
Kjartan Guðnason

# SKÆRSTA STJARNAN Í TÓNLISTARHEIMINUM

18. september  
kl. 20.00



GUSTAVO DUDAMEL

Tryggið ykkur miða

## Fyrsta erlenda gestahljómsveitin í Hörpu: Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar

Á efnisskrá tónleikanna er meðal annars frumflutningur verksins Tiger Touch eftir Karin Rehnqvist, Sinfónía nr. 6 eftir Tchaikovsky og Klarinettukonsert eftir Mozart. Einleikari er Martin Fröst.

20% afsláttur fyrir áskrifendur

Stoltir bahjarlar Hörpu:



[www.harpa.is](http://www.harpa.is)



**HARPA**  
TÓNLISTAR- OG  
RÁÐSTEFNUHÚSÍÐ  
Í REYKJAVÍK



# TÓNLEIKAKYNNINGAR

Á þessu starfsári verða tónleikakynningar á undan öllum tónleikum í gulri og rauðri áskriftarröð. Kynningarnar fara fram í Eldborg, hefjast kl. 18.30 og standa í um 30 mínútur. Kynningarnar eru í höndum þeirra Árna Heimis Ingólfssonar og Halldórs Haukssonar, og eru tilvalin leið til að „hita upp“ fyrir tónleika með því að kynnst sögunni á bak við tónana.

Kynningarnar eru haldnar í samvinnu við Vínafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

**Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.**